

Stafrænar lausnir – Pantað á netinu á distica.is

Það gleður okkur að tilkynna að í október mun **Distica** opna nýtt kerfi á distica.is þar sem viðskiptavinir munu geta pantað vörur á netinu. Kerfið verður hluti af mínum síðum og munu viðskiptavinir skrá sig þar inn á sama hátt og áður. Þeir viðskiptavinir sem ekki hafa enn fengið aðgang að mínum síðum þurfa að sækja um aðgang á distica.is.

Í fyrstu útgáfu kerfisins verða aðeins almennar lagervörur aðgengilegar en á næstu mánuðum munu bætast þar við vörur sem þarf að sérpanta. Með opnuninni viljum við auka þjónustu við viðskipta- vini, veita betri upplýsingar um vöruframboðið okkar og bjóða upp á möguleika til sjálfsafgreiðslu.


Við munum senda út tilkynningu til allra viðskiptavina um leið og við opnum, svo fylgist vel með.



Distica stoltur samstarfsaðili Controlant

Distica er og hefur verið stoltur samstarfsaðili Controlant undanfarin 12 ár. **Distica** hefur miðlað áskorunum fyrirtækisins við vöktun hitastigs, bæði í flutningi til viðskiptavina og í vöruhúsunum, til Controlant. Þær áskoranir hafa nýst Controlant í þróun hugbúnaðarlausna.

Samstarfið hefur verið afar ánægjulegt og það hefur verið gaman að fylgjast með Controlant vaxa og þróast úr því að vera lítið sprotafyrirtæki yfir í stórt alþjóðlegt fyrirtæki sem þjónustar stærstu lyfjaframleiðendur í heimi.



Vöruhúsið Suðurhrauni verður lækningatækja-vöruhús Distica

Ný reglugerð um lækningatæki, MDR reglugerðin, tók gildi 26. maí 2021. Vöruhús **Distica** í Suðurhrauni verður sérhæft lækningatækjavöruhús og mun uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til lækningatækja í nýju reglugerðinni. Helstu kröfur í reglugerðinni sem vöruhús Distica í Suðurhrauni mun uppfylla eru eftirfarandi:

- Flokkun lækningatækja, alls flokkast lækningatæki í átta flokka.
- Auknar kröfur við móttöku sendinga, staðfesta rétt UDI nr. á pakkingu, staðfesta rétt hitastig í flutningi,

skráning serial númera, rétt CE merking o.s.frv.

- Viðbótarmerkingar pakkinga.
- Gæðatryggingasamningar.
- Þökkun og flutningur kæli- og frystivöru (mest fyrir í In Vitro lækningatæki).
- Skráning kvartana og tilkynninga um atvik.
- Auknar kröfur um innkallanir og endursendingar.
- Auknar kröfur um eyðingarferli lækningatækja.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með lækningatækjum, öryggi þeirra og réttri notkun.

Forsetahjónin komu í heimsókn

Það var mikill heiður að fá forsetahjónin í heimsókn til okkar en með heimsókninni vildu þau þakka fyrir framlag okkar í baráttunni við Covid veiruna.



Þjónustukönnun

Þjónustukönnun **Distica** fer í loftið í október og erum við mjög þakklát þeim sem taka sér tíma og svara könnuninni. Í kjölfar þjónustukönnunar ársins 2020 gerðum við margar umbætur á þjónustuferlum **Distica**. Við bíðum spennt eftir að sjá niðurstöður úr þjónustukönnuninni 2021 og vinna áfram í frekari umbótum.



Þjónustuvegferðin

Distica heldur áfram á þjónustuvegferð sinni því við viljum vera í góðum samskiptum við viðskiptavinum okkar og þjónusta þá eins vel og hægt er. Veritas samstæðan er eitt lið sem saman vinnur að því að veita góða upplifun.

Sjálfbærni- og samfélagsskýrsla Veritas

Distica er hluti af Veritas samstæðunni og við erum stolt af því að hafa birt okkar fyrstu sjálfbærni- og samfélagsskýrslu. Samfélagslegu málin hafa alltaf verið okkur hugleikin og þar hafa umhverfismálin verið sett á oddinn í vaxandi mæli undanfarin ár. Það er mikilvægt sem aldrei fyrr að einstaklingar og fyrirtæki taki ábyrgð og vandi sig í umgengni við umhverfi sitt. Sjálfbærni- og samfélagsskýrsla Veritas má skoða á www.veritas.is/samfelagsskyrsla



fólkið í

DISTICA



Distica hf.

Hörgatúni 2
210 Garðabæ

www.distica.is